

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til lífeyrisþega árið 2018.

1. gr.

Gildissvið og framkvæmd.

Reglugerð þessi gildir um eingreiðslur til elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega á árinu 2018.

Orlofsuppbætur skulu greiddar 1. júlí og desemberuppbætur skulu greiddar 1. desember.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.

Eingreiðslur til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Orlofsuppbót til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skal nema 20% af fjárhæð tekjutryggingar lífeyrisþega samkvæmt 22. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og fjárhæð heimilisuppbótar örorkulífeyrisþega samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

Desemberuppbót til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skal nema 30% af fjárhæð tekjutryggingar og heimilisuppbótar lífeyrisþega, sbr. 1. mgr.

Fjárhæð orlofsuppbótar samkvæmt 1. mgr. reiknast miðað við 1/12 af greiðslurétti lífeyrisþega síðustu 12 mánuði fyrir greiðslu uppbótarinnar.

Fjárhæð desemberuppbótar skv. 2. mgr. reiknast miðað við 1/12 af greiðslurétti lífeyrisþega á árinu 2018.

3. gr.

Eingreiðslur til ellilífeyrisþega.

Full eingreiðsla til ellilífeyrisþega skal nema 90.304 kr. Skal 40% þeirrar fjárhæðar greiðast 1. júlí sem orlofsuppbót og 60% fjárhæðarinnar 1. desember sem desemberuppbót.

Eingreiðsla skal lækka um 2% af tekjum lífeyrisþega, sbr. 16. og 23. gr. laga um almannatryggingar, uns hún fellur niður. Lækkun vegna tekna tekur þó ekki til eingreiðslu á hálfan ellilífeyri sem greiddur er skv. 4. mgr. 17. gr. sömu laga þar til lífeyristaka hefst að fullu.

Um áhrif búsetu og frestun á töku lífeyris á fjárhæð eingreiðslna samkvæmt 1. mgr. fer samkvæmt 17. gr. laga um almannatryggingar.

Hafi ellilífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skulu eingreiðslur til hans samkvæmt 1. mgr. greiddar í hlutfalli við greiðsluréttindi hans.

Ef fyrir liggur að eingreiðsla í júlí hafi verið of- eða vangreidd skal það leiðrétt við eingreiðslu desembermánaðar og gilda ákvæði 55. gr. laga um almannatryggingar eftir því sem við á.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2018. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 490/2017, um eingreiðslur til lífeyrisþega árið 2017.

Velferðarráðuneytinu, 29. desember 2017.

Ásmundur Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.